

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2016

**Efni: Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi (396. mál)**

Með frumvarpinu er áformað að setja ný heildarlög um váttryggingastarfsemi í stað núgildandi laga nr. 56/2010. Þannig yrðu leiddar í lög reglur tilskipunar 2009/138/ESB um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga, sem nefnd hefur verið Solvency II tilskipunin. Byggir frumvarpið einnig á ákvæðum tilskipunar 2014/51/ESB, svokallaðri Omnibus tilskipun, sem felur í sér nánari útfærslu á ákvæðum Solvency II tilskipunarinnar.

Drög að frumvarpi þessu voru birt á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins þann 27. ágúst 2015 og skilaði Viðskiptaráð umsögn um frumvarpsdrögin.<sup>1</sup> Frá því að drögin voru birt hefur frumvarpið tekið jákvæðum breytingum. Fagnar ráðið því að stjórnvöld skuli í auknum mæli sækjast eftir umsögnum um drög að lagafrumvörpum. Sú aðferðafræði styrkir lagasetningarferlið og dregur úr líkum þess að ný löggjöf sé innleidd án þess að fullnægjandi tækifæri til athugasemda séu veitt.

**Séríslensk ákvæði skerða samkeppnishæfni íslenskra félaga**

Að mati Viðskiptaráðs ætti löggjöf hér á landi að vera í samræmi við löggjöf á Evrópska efnahagssvæðinu eftir því sem mögulegt er. Því ætti ekki að innleiða regluverk héraðs með meira íþyngjandi hætti en nauðsyn krefur til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Þegar til stendur að lögfesta reglur sem ekki eru í samræmi við það sem gerist annars staðar er mikilvægt að fullnægjandi rök standi að baki slíkum reglum. Í fyrirliggjandi frumvarpi má hins vegar enn finna ákvæði sem ekki er kveðið á um í tilskipun 2009/138/ESB án þess að það sé rökstutt með fullnægjandi hætti í greinargerð.


---

<sup>1</sup> Umsögn Viðskiptaráðs er frá 21. október 2015 og má nálgast á eftirfarandi slóð:  
<http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/reglur-um-vatryggingastarfsemi-ithyngjandi/>

Þannig má finna áskilnað sem gerður er í lokamálslið 3. mgr. 42. gr. þess efnis að meirihluti stjórnarmanna skuli ávallt vera óháður félögum innan sömu félagasamstæðu. Viðskiptaráð telur ekki rétt að hér á landi séu gerðar sérstakar kröfur sem takmarka möguleika einstaklinga til stjórnarsetu í váttryggingafélögum ef ekki er kveðið á um þær í tilskipuninni.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til ofangreindra athugasemda.**

Virðingarfyllt,



Margrét Berg Sverrisdóttir, lögfræðingur